Brjef stjórnarràðsins *til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu* **um endurveiting hlunninda handa sparisjóði á Sauðàrkróki.** **83** 19. júlí

Útaf beiðni frá stjórn sparisjóðsins á Sauðárkróki, er hingað barst með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 23. f. m., vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. ágúst næstkomandi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, *að* eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórn sparisjóðsins.

Brjef stjórnarràðsins *til sýslumannsins Árnessýslu* **um hlunnindi handa sparisjóðnum Gullfoss í Árnessýslu.** **84** 19. júlí

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Árnessýslu, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá þessum degi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Ísland, með þeim skilyrðum, *að* eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um sveitfesti þurfalings.** **85** 5. oktbr.

Með brjefi, dags. 23. marz þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um það, hvar þurfalingurinn Karólína Erasmusdóttir, sem hefir orðið sveitarstyrksþurfi í Norðurárdalshreppi, skuli teljast sveitlæg. Eptir að leitað hefir verið álits sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps um mál þetta, er svofeldur úrskurður lagður á það.

Karólína Erasmusdóttir er fædd á Eiði í Seltjarnarneshreppi 28. desbr. 1833, fermd í Fíflholtum í Hraunhreppi á 15. ári. Fer hún svo hrepp úr hreppi og dvelur hvergi lengur en 6 ár í senn til ársins 1877. Þá ræðst hún að Harrastöðum í Miðdalahreppi og dvelur þar 9 ár samfleytt, en 10. árið dvelur hún að hálfu á Harrastöðum og að hálfu á Hrafnabjörgum í Hörðudalshreppi. Segir hún að húsbóndi sinn muni hafa komið sjer þangað til þess að sveitfestisdvölin í Mið-

31. dag októbermánaðar 1906. Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.